

Gos í Eyjafjallajökli - staða 26. apríl 2010 kl. 18.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: MJR / GNP / BO / FS

Staða byggð á:

- Jarðskjálftamælum
- Vatnsrennsli í Markarfljót
- GPS mælum
- Upplýsingum úr flugi með TF-SIF

Gosmökkur:

Stefna: Austur í hæð yfir ~4 km
Hæð: Meðalhæð var um 4,8 km á tímabilinu frá kl. 12 til 14, seinni part dagsins var hæðin um 3–4 km.
Litur: Ljós að mestu leiti (gufa), en grá gosefni yfir gígnum.
Gjósकुfall: Engar tilkynningar um öskufall.
Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðan 19. apríl.
Drunur: Tilkynnt um drunur í um 20 km fjarlægð kl. 02:30 í nótt.

Bræðsluvatn:

Svipað og seinustu daga, um 80–90 m³/s miðað við 110–130 m³/s rennsli við Markarfljótsbrú og grunnrennsli áætlað u.þ.b. 30–40 m³/s.

Aðstæður á gosstað:

Ekki sást til gossins í fluginu, en á ratsjá flugvélarinnar mátti sjá að gígurinn er orðinn um 200 m í þvermál og um 150 +/- 20 m á hæð.

Gosórói:

Svipaður og undanfarna daga.

Jarðskjálftar:

Einn skjálfti að stærð $M_1 1,7$ mældist undir norðaustanverðum jöklinum kl. 16:18, um 8 km austur af gígnum.

GPS-aflögun:

Lítil hreyfing inn að miðju fjallsins.

Kvikflæði:

Engar athuganir í dag, en talið að heildarflæði sé svipað og undanfarna daga (20–40 tonn/sekúndu).

Aðrar athugasemdir:

Engin merki um breytingar undir Kötlu.

Heildarmat:

Kvikustreymi og gosmökkur hefur verið með svipuðum hætti og undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka, þó að virkni á yfirborði sé um stærðargráðu minni en þegar mest lét.